

Fyrirspurn

til innviðaráðherra um eftirlitsheimildir og eftirlit
stofnana ráðuneytisins með almennum borgurum.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

- Hvaða almennu heimildir hafa stofnanir ráðuneytisins til þess að fylgjast með netnotkun fólks, m.a. á samfélagsmiðlum, t.d. til að sannreyna upplýsingar sem einstaklingur hefur gefið stofnun við málsmeðferð sem varðar hann sjálfan eða aðstandendur hans?
- Hafa stofnanir sem heyra undir ráðuneytið sértækar heimildir til þess að fylgjast með daglegu lífi fólks, eins og efni sem það deilir á samfélagsmiðlum? Ef svo er:
 - hvaða heimildir eru það,
 - eru takmarkanir á þeim heimildum,
 - er eftirlit með beitingu heimilda og þarf sérstakar ábendingar svo að eftirlit af þessu tagi sé viðhaft eða getur það verið að frumkvæði stofnunar?
- Veit ráðherra til þess að stofnanir sem heyra undir ráðuneytið hafi fylgst með samfélagsmiðlanotkun fólks á einhvern hátt?

Skriflegt svar óskast.